

Umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað

Þorvaldur Marteinn Jónsson

Lokaverkefni til stúdentprófs við Verkmenntaskóla Austurlands

Félagsvísindabraut



Umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað

Þorvaldur Marteinn Jónsson

Lokaverkefni til stúdentprófs

Leiðbeinandi: Þorvarður Sigurbjörnsson

Félagsvísindabraut Verkmenntaskóla Austurlands

Apríl 2017

Ágrip

Verkefni þetta er rannsóknarritgerð sem lokaverkefni til stúdentprófs við Verkmenntaskóla Austurlands. Markmiðið er að gera grein fyrir umsvifum sjávarútvegs í Neskaupstað á árinu 2016. Rannsóknin nær til þriggja fyrirtækja með starfssemi í Neskaupstað, sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi. Skoðaðar verða tilteknar hagstærðir og settar í samhengi til að svara rannsóknarspurningunni „Eru umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað mikil“. Ásamt því að skoða og greina umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað. Ritgerðin byggir á meginlegri aðferðafræði og verða niðurstöður úttektarinnar kynntar ásamt frekari túlkunum. Helstu niðurstöður eru þær að fyrirtækin þrjú eru mikilvæg fyrir atvinnulíf í Neskaupstað og skila miklu til samfélagsins í Fjarðabyggð.

Myndaskrá

Mynd 1. Starfsmannafjöldi	11
Mynd 2. Tekjuskattur	11
Mynd 3. Velta	12
Mynd 4. Hagnaður.....	12
Mynd 5. Útsvar starfsmanna.....	12
Mynd 6. Greidd laun	12
Mynd 7. Samfélagsstyrkir.....	13
Mynd 8. Skattar starfsmanna.....	13
Mynd 9. Meðallaun starfsmanns.....	13

Töfluskrá

Tafla 1. Yfirlit hagstærða	14
----------------------------------	----

Efnisyfirlit

1 Formáli	2
2 Inngangur	3
3 Fræðilegur bakgrunnur	4
3.1 Sjávarútvegur	4
3.2 Hagstærðir	6
4 Aðferðafræði	6
5 Fyrirtæki	8
5.1 Fjarðanet	8
5.2 Síldarvinnslan	9
5.3 G. Skúlason vélaverkstæði	9
6 Umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað – niðurstöður	10
6.1 Fyrirvarar og meðferð upplýsinga	10
6.2 Niðurstöður	11
7 Umræða	14
Heimildaskrá	16

1 Formáli

Við innleiðingu nýrra brauta í Verkmenntaskóla Austurlands haustið 2015, í kjölfar breytinga á aðalnámskrá framhaldsskóla, varð mér ljóst að á síðustu önn þyrfti ég að taka svokallaðan lokaverkefnisáfang. Snemma datt mér í hug að gera úttekt eða kanna umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað með einum eða öðrum hætti. Fannst mér það áhugavert og spilar áhugi minn á sjávarútvegi þar stórt hlutverk í vali á efni. Hefur þessi hugmynd þróast síðan þá og er orðin sú rannsókn og ritgerð sem hún er í dag.

Ritgerðin er fimm feininga lokaverkefni, til stúdentsprófs á félagsvísindabraut við Verkmenntaskóla Austurlands. Ég vill þakka leiðbeinanda mínum Þorvarði Sigurbjörnssyni fyrir góðar uppástungur og uppbyggilega gagnrýni auk faglegrar ráðgjafar.

Ég vil koma á framfæri þökkum til þeirra fyrirtækja sem tóku þátt í þessari rannsókn fyrir gott viðmót og aðgengi að upplýsingum. Einnig vil ég þakka foreldrum mínum þeim Björgu Þorvaldsdóttur og Jóni Einari Marteinsyni fyrir góðan yfirlestur, stuðning og gagnlegar ábendingar. Ég vil jafnframt þakka vinum og námsfélögum fyrir hvatningu og stuðning við gerð þessara ritgerðar.

2 Inngangur

Viðfangsefni rannsóknarinnar felst í því að kanna umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað. Til að gera svo voru fengin þrjú fyrirtæki sem öll tengjast sjávarútvegi á einn eða annan hátt, en eiga það þó sameiginlegt að byggja öll meginþorra afkomu sinnar af umræddum atvinnuvegi. Um er að ræða eitt sjávarútvegsfyrirtæki og tvö fyrirtæki sem byggja afkomu sína á þjónustu við sjávarútveg. Óskað var eftir upplýsingum um ákveðnar hagstærðir, á ársgrundvelli 2016.

Hagstærðirnar sem teknar eru fyrir í ritgerðinni, eru skilgreindar. Í sama kafla verður stiklað á stóru um sjávarútveg í gegnum tíðinna og greint frá núverandi ástandi greinarinnar. Gerð verður grein fyrir aðferðafræði, upplýsingaöflun, framsetningu og hvaða fyrirtæki var haft samband við, af hverju og eftir hvaða leiðum. Upplýsingar um samanburð voru fengnar frá Hagstofunni. Greint verður frá starfsemi fyrirtækjanna, hlutverki þeirra og sögu.

Því næst verða niðurstöður ritgerðarinnar kynntar og bornar saman við umsvif annarra fyrirtækja í Fjarðabyggð. Unnið er út frá rannsóknarspurningunni „Eru umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað mikil“. Fyrirfram veit ég, án þess að styðjast við nein gögn, að þau eru töluverð. Því fannst mér tilvalið að rannsaka þetta frekar og setja fram. Rannsóknin felur einnig í sér að greina og lýsa umsvifum sjávarútvegs og sjávarútvegstengdrar þjónustu í Neskaupstað.

Fátt annað kom til greina en að skrifa ritgerð og tel ég það vera góðan undirbúning að setja hana upp sem einskonar lokaritgerð í háskóla. Ég er vanur að skrifa ritgerðir út frá sagnfræðilegum heimildum og því vildi ég öðruvísi áskorun. Ástæður fyrir efnisvali ritgerðarinnar eru nokkrar. Þar sem áhugi minn á sjávarútvegi er mikill sem og ást mín á heimabænum, ákvað ég að samtvinna þetta tvennt og skrifa einskonar hagfræðiritgerð.

3 Fræðilegur bakgrunnur

Í þessum kafla verður sjávarútvegi á Íslandi gerð skil, greint verður frá framþróun undanfarinna ára og mikilvægi atvinnugreinarinnar í íslensku atvinnulífi. Einnig verður greint frá núverandi ástandi sem er talsvert frábrugðið því sem áður var. Stuttur kafli fylgir þar sem farið er yfir þær hagstærðir sem notaðar eru til að kanna umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað. Hagstærðir þessar verða skilgreindar.

3.1 Sjávarútvegur

Ein mikilvægasta atvinnugrein okkar Íslendinga er án efa sjávarútvegur og hefur hann verið það svo áratugum skiptir. Fiskveiðar hafa haldið lífi í landanum frá örófi alda og hafa menn róið til fiskjar við misjafnan aðbúnað og válynd veður. Þetta eigum við okkar góðu, en jafnframt hættulegu fiskimiðum að þakka, sem eru ein gjöfulustu veiðimið í Norður - Atlantshafi. Skýrist það af straumamótum sem eru í íslenskri fiskveiðilögsögu þar sem hlýr angi af Golfstraumnum mætir köldum Austur- Grænlandsstraumnum (Aron Óttar Traustason, 2010, 5).

Efling sjávarútvegs og verðmæti útflutningsafurða var helsti grundvöllur fyrir endurreisn og uppbyggingu íslensks samfélags á síðari hluta 19. aldar og við upphaf 20. aldar. Þessi þróun, með aukinni eftirspurn vinnuafls til fiskvinnslu, gerði það að verkum að sjávarútvegur varð að sjálfstæðri atvinnugrein. Íslenskt þjóðlíf umturnaðist og umskipti urðu gífurleg á stuttum tíma. Í raun má segja að sjávarútvegur hafi gert landið byggilegt og hafi verið grunnforsenda fyrir framfarir hér á landi (Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir, 2001, 91).

Frá því að sjávarútvegur varð að sjálfstæðri atvinnugrein hefur mikið vatn runnið til sjávar og hefur Ísland fest sig í sessi meðal fremstu fiskveiðiþjóða heims. Þróunin hefur verið hröð og á undanföllum árum hafa Íslendingar fylgt henni vel eftir. Frá vélvæðingu flotans hefur sjávarútvegur tekið miklum stakkaskiptum þó skipst hafi á skin og skúrir.

Í dag skilar sjávarútvegur gríðarlegum verðmætum til íslensks þjóðarbús og er stór þáttur í menningu og atvinnulífi landsins. Á heimsvísu er Ísland með um 1,4% hlutdeild fiskafla og er þar með í 20. sæti á lista yfir stærstu fiskveiðiþjóðir heims samkvæmt tölum frá 2014 (Íslandsbanki, 2016).

Oft er talað um að sjávarútvegur, veiðar og vinnsla, skili um 8 - 10% af landsframleiðslu, en árið 2014 var hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu 8,4%. Hins vegar ef bætt er við fyrirtækjum er byggja afkomu sína á þjónustu við sjávarútveg, eins og framleiðsla vélbúnaðar og veiðarfæra, er hlutur sjávarútvegs mun meiri. Sé þetta allt tekið saman er framlag sjávarútvegs til landsframleiðslu um eða yfir 20%.

Orðið hafa til stór fyrirtæki sem byggst hafa upp vegna þjónustu við íslenskan sjávarútveg. Nefna má fyrirtæki eins og Marel, Sæplast, Skaginn og Hampiðjan sem öll eru í dag stór á heimsvísu á sínu sviði. Því má að einhverju leyti þakka þjónustu og framsýni í íslenskum sjávarútvegi.

Störf eru fjölbreytt og starfa um 24 þúsund manns í íslenskum sjávarútvegi. Ýmist við veiðar, vinnslu, markaðsstarf, auk dreifingar. Ýmsar framleiðslu og þjónustugreinar eru einnig sprottnar af sjávarútvegi. Umsvif sjávarútvegs eru því mikil eins og áðurgreindar tölur gefa til kynna og eru störfin og starfssviðin fjölbreytt og teygja anga sína víða (Ágúst Einarsson, 2016).

Með aukinni samþjöppun aflaheimilda auk nýrrar tækni og annarra framfara á landi og sjó hefur orðið til aukin hagkvæmni í greininni. Störfum hefur því fækkað á landi og til sjós. Þessi hagræðing og aukin tæknivæðing hefur í för með sér að ekki þarf jafnmargar hendur til að vinna fiskinn eins og áður. Árið 1983 störfðu rúmlega 10.000 manns í fiskvinnslu og 5.800 við fiskveiðar. Árið 2010 störfuðu hins vegar um 5.000 manns við fiskveiðar og 3.600 við fiskiðnað. Einhæfum störfum við fiskiðnað fer enn fækkandi en ekki má gleyma því að fleiri störf hafa sprottið upp í tengslum við sjávarútveg sem oftast en ekki krefjast meiri menntunnar.

Verðmætasköpun íslensks sjávarútvegs hefur aukist til muna undanfarinn ár og er Ísland mikill fyrirmynd í þeim efnum. Á sjó og landi hefur mikið verið lagt upp úr nýjustu tækni og öðrum nýjungum. Fjárfestingar þessar hafa skilað sér og skapa Íslendingar hve mest verðmæti úr afurðum sínum samanborið við nágrannalönd sín og einnig víðar. Lagt er mikið upp úr hagkvæmni sem og að nýta hráefnið sem allra best og meðferð aflans er höfð í fyrirrúmi (Sjávarklasinn, 2012).

Sjávarútvegur á Íslandi er því á margan hátt til fyrirmyndar þó hann sé jafnframt umdeildur. Sérstaklega hvað varðar kvótakerfið, arðgreiðslur, veiðigjöld og samþjöppun aflaheimilda svo dæmi séu tekin. Hið síðastnefnda hefur leitt til þess að atvinnutækifærum hefur fækkað í sumum bæjum sem byggja afkomu sína á sjávarútvegi, vegna hagræðingar í

greininni. Eitt er víst að framþróun íslensks sjávarútvegs er mikill og er atvinnugreinin í senn hagkvæm, sjálfbær, skilar miklum hagnaði, aflar fjölda fólks vinnu og er ekki ríkisstyrkt eins og víða er.

3.2 Hagstærðir

Hér verður greint frá þeim hagstærðum sem teknar eru fyrir hjá þeim fyrirtækjum er ritgerðin fjallar um. Um er að ræða; *tekjuskatt fyrirtækis, greidd laun, samfélagsstyrki, veltu og hagnað, auk útsvars- og skattgreiðslur starfsmanna,*

Leitað var eftir upplýsingum um greidd laun til starfsmanna fyrirtækjanna og útsvarsgreiðslur þeirra. Útsvar er skattur á launatekjur sem rennur til sveitarfélaganna. Tekjustofnalög ákvarða hve há þessi prósentu skal vera, samkvæmt núgildandi lögum skal hún lágst vera 12,44% og hæst 14,53%. Útsvarið er veigamesti tekjustofn sveitarfélaga og ráðstafa þau þessu fjármagni til reksturs og verkefna í sveitarfélaginu (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2017).

Óskað var eftir upplýsingum um tekjuskatt fyrirtækjanna, þ.e. skatt af tekjum fyrirtækisins sem rennur til hins opinbera. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum um tekjuskatta starfsmanna fyrirtækjanna.

Til þess að leggja mat á umsvif fyrirtækjanna var óskað eftir upplýsingum um hagnað þeirra og veltu. Hagnað má skilgreina sem mismun á tekjum og gjöldum fyrirtækja þegar tekjurnar eru hærri en gjöldin. Veltu má skilgreina sem verðmæti þess sem fyrirtækið selur, hvort sem um er að ræða þjónustu eða ákveðna vöru (Þórunn Klemenzdóttir, 2008, 315 - 330).

Óskað var eftir upplýsingum um styrki fyrirtækjanna til samfélagsmála til að kanna hvað þau leggja til samfélagsins, fram yfir lögbundna skattstofna.

4 Aðferðafræði

Til að framkvæma rannsóknina og svara rannsóknarspurningunni „Eru umsvif sjávarútvegs mikil í Neskaupstað“ má skipta þeim upplýsingum sem ritgerðin byggir á í tvennt. Annars vegar er um að ræða hagstærðir fyrirtækjanna og hins vegar samanburðartölur frá öðrum fyrirtækjum í Fjarðabyggð til að setja í samhengi. Samanburðartölurnar byggja að mestu á gögnum frá *Hagstofunni*. Ritgerðin byggir því á meginlegum gögnum og aðferðafræði.

Eins og áður hefur komið fram, eru tekin fyrir þrjú fyrirtæki sem öll eiga það sameiginlegt að tilvist þeirra byggir á sjávarútvegi eða þjónustu við sjávarútveg. Jafnframt að þjónusta þeirra við atvinnugreinina er meiri en helmingur af þeirra heildarstarfsemi, ef ekki væri um að ræða sjávarútvegsfyrirtæki beint. Ljóst er og vert að taka fram, að fleiri fyrirtæki í Neskaupstað falla undir þessa skilgreiningu. Ákveðið var að vinna með þessu ákveðnu fyrirtæki af því þau byggja starfsemi sína beint á þjónustu við sjávarútveg, til afmörkunar. Eftirfarandi þrjú fyrirtæki voru tekin til skoðunar.

- | | |
|---------------------------------|------------------------|
| • Síldarvinnslan hf | Útgerðarfyrirtæki |
| • Fjarðanet hf | Veiðarfæraframleiðandi |
| • G. Skúlason vélaverkstæði ehf | Vélaverkstæði |

Haft var samband við viðeigandi aðila hjá fyrirtækjunum með tölvupósti annars vegar og hinsvegar var farið í eigin persónu að óska eftir upplýsingum. Aðilum þessum var greint frá að um væri að ræða lokavekefni til stúdentsprófs við Verkmenntaskóla Austurlands, eðli rannsóknarinnar kynnt og gert ljóst hvað það fæli í sér. Óskað var eftir eftirfarandi hagstærðum fyrirtækjanna út frá ársgrundvelli 2016.

- Starfsmannafjöldi
- Tekjuskattur fyrirtækis
- Greidd laun til starfsmanna
- Útsvarsgreiðslur starfsmanna
- Skattar starfsmanna
- Velta fyrirtækis
- Hagnaður fyrirtækis
- Styrkir fyrirtækis til samfélagsmála

Fyrirvarar eru á ýmsum upplýsingum hjá fyrirtækjunum, sem greint verður nánar seinna. Til að setja hagstærðir þessar í samhengi var stuðst að mestu við gögn frá Hagstofunni. Þar sem um er að ræða töluvert magn af upplýsingum og ekki allar aðgengilegar á vef stofunnar, var óskað eftir og send skrifleg beiðni um sérvinnslu til *Hagstofunnar*. Ekki var hægt að fá samanburðarhagtolur frá árinu 2016, því er notast við samanburðartölur frá árinu 2015. Samanburðartölurnar ná yfir alla Fjarðabyggð en ekki einungis Neskaupstað. Þær takmarkanir eru þó að tölurnar ná aðeins yfir fyrirtæki með skráð lögheimili í Fjarðabyggð, í flestum tilvikum nema annað sé tekið fram. En í Fjarðabyggð er, eins og í öðrum sveitarfélögum, fyrirtæki með starfsemi sem eru með lögheimili í öðru sveitarfélagi (Gísli Már Gíslason, 2017). Hinsvegar fæst ágætis mynd af þessum tölum þar sem um er að ræða

359 fyrirtæki með samtals 1.719 launþega. Íbúar Fjarðabyggðar voru árið 2015 ríflega 4.700 og þar af 3.101 vinnubærir einstaklingar á aldrinum 18 til 69 ára og atvinnuþátttaka nam 98% af vinnubæru fólki (Fjarðabyggð, ártal ekki gefið).

5 Fyrirtæki

Hér verður greint frá fyrirtækjunum þremur er rannsóknin nær til. Saga þeirra stuttlega rakin, greint frá starfsemi þeirra og hlutverki sem tengir þau við sjávarútveg.

5.1 Fjarðanet

Aðalskrifstofa veiðarfæraframleiðandans Fjarðanets er í Neskaupstað, einnig er fyrirtækið með starfsstöðvar á Ísafirði og Akureyri. Á þessum stöðum rekur Fjarðanet alhliða veiðarfæraþjónustu, auk þvottastöðvar fyrir fiskeldi á Reyðarfirði. Ásamt því að vera fyrst og fremst veiðarfæra framleiðandi, rekur fyrirtækið einnig víðtæka þjónustu við sjávarútveg, sveitarfélög, verktaka og aðra framkvæmdaaðila (Fjarðanet, 2017, A).

Fjarðanet er rótgróið fyrirtæki og spannar saga þess í Neskaupstað allt að 60 árum, þegar Friðrik Vilhjálmsson, ásamt Jónasi Valdórssyni hefur rekstur netaverkstæðis í nafni Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar hf. Þjónusta var í fyrstu við síldveiðiflotann, viðgerðir og framleiðsla á síldarnótum sem var meginstarfsemi fyrirtækisins.

Fjarðanet varð til 1. janúar 2005 við sameiningu Netagerðar Friðriks Vilhjálmssonar hf, Netagerðar Vestfjarðar, Gúmmíbátapjónustu Austurlands ehf og Gúmmíbátapjónustunnar ehf á Ísafirði. Áður höfðu eftirfarandi fyrirtæki sameinast inn í Netagerð Friðriks Vilhjálmssonar hf; Neta- og Veiðarfæragerðin hf á Siglufirði (2003), Netagerð Dalvíkur (2000) og Nótastöðin Oddi hf (1999). Fjarðanet er í dag dótturfélag Hampiðjunnar og á í nánu samstarfi við Hampiðjuna og önnur dótturfélög hennar (Jón Einar Marteinnsson og Smári Geirsson, ártal ekki gefið).

Starfsemi Fjarðanets í Neskaupstað í dag tengist að mestu uppsjávarveiðum með framleiðslu og þjónustu við loðnu og síldarnætur og flöttroll. Í Neskaupstað eru einnig framleidd fiskitroll, ásamt þjónustu við fiskeldi með framleiðslu og viðgerðum á fiskeldispokum, kastnótum og tengdum vörum. Jafnframt er þar að finna víraverkstæði með 600 tonna þrykkivél ásamt breiðu úrvali af járnavöru og hífibúnaði. Einnig saumaverkstæði

með framleiðslu og viðgerðum á yfirbreiðslum og öðrum vörum úr PVC segldúk (Fjarðanet, 2017, A og B).

5.2 Síldarvinnslan

Aðalskrifstofur Síldarvinnslunnar eru í Neskaupstað, en einnig er fyrirtækið með starfsstöðvar á Seyðisfirði og í Helguvík. Starfsemi Síldarvinnslunnar byggir á hálftrar aldar reynslu í fiskvinnslu og útgerð og hefur fyrirtækið ávallt skipað stóran sess í atvinnulífi á Norðfirði. Fyrirtækið var formlega stofnað þann 11. desember 1957 og var á stofnfundi ákveðið að hlutafé skyldi vera 500 þúsund krónur. Í fyrstu var aðalhluthafi, Samvinnufélag útgerðarmanna í Neskaupstað (SÚN) með 60% hlutafjár. Bæjarsjóður Neskaupstaðar lagði fram 10% hlutafjárins og Dráttarbrautin hf. í Neskaupstað 6%. Aðrir hluthafar voru 32 talsins. Ástæða stofnunar Síldarvinnslunnar hf var fyrst og fremst aukin síldveiði úti fyrir Austfjörðum. Í upphafi var félagið skilgreint sem almenningshlutafélag og skyldi tilgangur þess vera að reisa og reka síldarverksmiðju, síldarverkun og annan skyldan atvinnurekstur í Neskaupstað (Smári Geirsson, ártal ekki gefið).

Í Neskaupstað gerir Síldarvinnslan út fjögur skip; frystitogarann Blæng NK 125, ísfisktogarann Barða NK 120 og uppsjávarskipin Börk NK 122 og Beiti NK 123. Sá síðastnefndi er eitt af best búnu og afkastamestu flotrolls- og nótaveiðiskipum flotans. Síldarvinnslan á nokkur dóttur- og hlutdeildarfélög, þar á meðal útgerðir sem landa afurðum skipa sinna í Neskaupstað (Síldarvinnslan, ártal ekki gefið, A).

Í dag er Síldarvinnslan eitt af stærstu og öflugustu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins og hið umsvifamesta á sviði veiða og vinnslu á uppsjávartegundum. Jafnframt stærsti framleiðandi á fiskimjöli og lýsi á landinu.

Í Neskaupstað er starfrækt fullkomið hátækni fiskiðjuver sem sérhæft er til vinnslu á uppsjávarfiski og einnig er rekið vel búin fiskimjöls- og lýsisverksmiðja. Stærstu frystigeymslur landsins eru staðsettar í Neskaupstað á vegum Síldarvinnslunnar og rúma þær samtals 20.000 tonnum. Síldarvinnslan rekur einnig ísverksmiðju (Síldarvinnslan, ártal ekki gefið, B).

5.3 G. Skúlason vélaverkstæði

G. Skúlason er fyrst og fremst vélaverkstæði með aðsetur og starfsemi í Neskaupstað. Verkstæðið vinnur að málmsmíði, málmvörugerð og vélsmiði jafnt við viðgerðir sem og

nýsmíði. Mestur hluti af starfsemi felst í þjónustu við sjávarútveginn og þar er Síldarvinnslan þeirra helsti viðskiptavinur.

Fyrirtækið var stofnað 1987 og hófst starfsemin í 100 fermetra húsnæði. Jafnt og þétt hefur fyrirtækið byggst upp. Vélar og verkfæri hafa verið keypt, húsnæði stækkað og starfsmönnum fjölgað. Árið 1997 var fyrirtækinu breytt í einkahlutafélag og árið 2002 var rekstur vélaverkstæðis Síldarvinnslunnar sameinaður G.Skúlassyni.

Þjónusta fyrirtækisins hefur að mestu leyti tengst sjávarútvegi eins og áður greinir. Einnig var töluverð vinna sem tengdist fiskeldi Sæsilsfurs í Mjóafirði, þegar það var í hét á árunum 2002-2006. Árið 1998 tók verkstæðið við rekstri dráttarbrautarinnar af Síldarvinnslunni. Nokkur vinna var fólgin í því en hún lagðist af árið 2007 þegar Hafnarsjóður Fjarðabyggðar sagði upp leigunni á dráttarbrautinni (G. Skúlason, 2008).

6 Umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað – niðurstöður

Niðurstöður eru settar fram í 9 myndum og 1 töflu. Tölur eru settar fram í stöplaritum, ásamt nánari greiningum. Áður en niðurstöður eru kynntar er stuttur kafli um fyrirvara hagtalanna, til að gefa sem skýrasta mynd og fyrirbyggja alla misskilning. Fyrirvörum niðurstaðna er skipt niður eftir fyrirtækjum, ásamt því að greint er frá hvernig útsvar fyrirtækjanna var reiknað. Einnig er skýrt frá fyrirvörum á samanburðartölum Hagstofunnar.

6.1 Fyrirvarar og meðferð upplýsinga

Útsvarsútreikningar

1. Við útreikning á útsvarsgreiðslum starfsmanna var notast við útsvarsprósentu Fjarðabyggðar frá 2016, 14,52% og meðaltal þriggja skattþrepa ársins 2016 eða 40,58% (Samband íslenskra sveitarfélaga 2017).

Síldarvinnslan

1. Í uppgefnum tölum frá Síldarvinnslunni, var innifalin starfsemi Síldarvinnslunnar í Helguvík og á Seyðisfirði. Til að áætla tölur fyrir Norðfjörð var reiknað 90% út frá þeirri heild, samkvæmt fyrirmælum frá fjármálastjóra Síldarvinnslunnar.
2. Samfélagsstyrkir Síldarvinnslunnar voru á bilinu 30 til 35 milljónir. Því var farinn millivegurinn í þeirri tölu og notast við 32,5 milljónir króna.

Fjarðanet

1. Þar sem Fjarðanet greiddi ekki tekjuskatt á árinu 2016, vegna uppsafnaðs taps fyrri ára, var ekki hægt að bera saman þennan lið frá Fjarðaneti.
2. Hagnaður Fjarðanets er heildarhagnaður fyrirtækisins. Þ.e. vegna starfsemi í Neskaupstað að meðtaldri starfsemi á Ísafirði og Akureyri.

G. Skúlason vélaverkstæði


1. Við gerð ritgerðarinnar var lagt upp úr að nálgast hagstærðir fyrirtækjanna út frá ársgrundvelli 2016. Ekki var hægt að fá þær tölur frá G. Skúlason fyrir 2016 og því er notast við hagstærðir frá árinu 2015.

Samanburðatölur


1. Hagtölur Fjarðabyggðar, ná yfir fyrirtæki með skráð lögheimili í Fjarðabyggð, 359 fyrirtæki með samtals 1.719 launþega.
2. Allir útsvarsútreikningar byggjast á útsvarstekjum Fjarðabyggðar árið 2015, þar sem tekið er mið af atvinnuþátttöku í sveitarfélaginu sama ár en ekki fjölda launþega fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð.
3. Skattar starfsmanna fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð voru reiknaðir út frá launagreiðslum með meðalprósentu skattþrepanna. Sem var deilt með fjölda launþega þessa fyrirtækja

6.2 Niðurstöður

Hér eru niðurstöður raktar og jafnframt svarað rannsóknaspurningunni, „Eru umsvif sjávarútvegs í Neskaupstað mikil“. Ásamt því að greina og lýsa umsvifi sjávarútvegs í Neskaupstað. Hagstærðirnar eru settar fram í myndum og á eftir þeim samanburður til að setja gögnin í samhengi svo hægt sé að gera sér grein fyrir umsvifum sjávarútvegs.




Mynd 1 - Starfsmannafjöldi




Mynd 2 - Tekjuskattur

Mynd 1 sýnir fjölda starfsfólks í fyrirtækjunum þremur sem telja alls 234 einstaklinga. Íbúafjöldi í Neskaupstað árið 2016 var 1.481 og því er að minnsta kosti 15,8% fólks sem starfar beint eða óbeint við sjávarútveg í Neskaupstað. Ef tekið er mið af atvinnuþátttöku í Fjarðabyggð 2015 þá var hlutfall starfsmanna fyrirtækjanna þriggja 7,7%, sem verður að teljast nokkuð hátt. Mynd 2 sýnir tekjuskatt fyrirtækjanna sem nemur alls 864 milljónum og gerir 9,1% af heildarskattgreiðslum fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð.




Mynd 3 - Velta




Mynd 4- Hagnaður

Mynd 3 sýnir veltu þessara þriggja fyrirtækja og nemur hún samtals samtals um 18,8 milljörðun. Ef borið er saman við öll fyrirtæki í Fjarðabyggð, er velta þessara þriggja fyrirtækja 12,7% af veltu allra fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð.

Á mynd 4 má sjá hagnað fyrirtækjanna og sýnir að þau eru með 33,1% af hagnaði allra fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð fyrir fjármagnsliði.




Mynd 5 - Útsvar starfsmanna




Mynd 6 - Greidd laun

Á mynd 5 má sjá útsvarsgreiðslur starfsmanna fyrirtækjanna þriggja, reiknað á þann hátt sem kynnt var hér fyrr. Útsvarsgreiðslurnar nema 11% af heildar útsvarstekjum Fjarðabyggðar árið 2015 og 10,5% árið 2016. Fyrirtækin þrjú í rannsókninni greiddu samtals 2,4 milljarða í laun til starfsmanna sinna, líkt og sjá má á mynd 6.




Mynd 7 - Samfélagsstyrkir



Mynd 8 - Skattar starfsmanna

Rúmum 33 milljónum var varið í samfélagsstyrki af hálfu Sildarvinnslnar, Fjarðanets og G. Skúlason eins og sjá má á mynd 7. Alls nema skattar starfsmanna fyrirtækjanna þriggja 760 milljónum eða 10,6% af skattgreiðslum starfsmanna fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð.



Mynd 9 – Meðallaun starfsmanns

Meðallaun launþega í Fjarðabyggð á mynd 9, er reiknað út frá fyrirtækjum með skráð lögheimili í Fjarðabyggð. Meðalaun starfsmanna Sildarvinnslnar, Fjarðanets og G. Skúlason voru um 10,5 milljónir, samanborið við 5,0 milljónir sem er meðaltal atvinnutekna í

Fjarðabyggð árið 2015. Upplýsingar um meðallaun í Fjarðabyggð eru fengnar hjá *Hagstofunni*.

	Síðarvinnslan	Fjarðanet	G.Skúlason	Fjarðabyggð	Hlutfall
Starfsmannafjöldi	200	10	24	3.039	7,7%
Tekjuskattur fyrirtækis	855.000.000	-	9.356.534	9.497.436.000	9,1%
Útsvar	252.793.987	5.908.594	12.878.466	2.498.513.000	10,9%
Greidd laun	2.263.500.000	69.872.621	140.988.599	17.594.763.000	14,1%
Velta	18.355.500.500	175.469.515	355.295.238	148.400.470.000	12,7%
Hagnaður fyrir skatt	4.491.000.000	4.730.894	59.706.406	15.203.329.000	30,0%
Hagnaður fyrir fjármagnsliði	4.491.000.000	4.730.894	59.706.406	13.782.701.000	33,1%
Skattar starfsmanna	706.500.000	16.513.137	35.992.297	7.139.954.825	10,6%

Tafla 1 – Yfirlit hagstærða

Í töflu 1 er búið að taka saman allar hagstærðir sem kannaðar voru og vitnað var í hér áður. Í dálknum Fjarðabyggð eru tölur yfir öll fyrirtæki með skráð lögheimili í Fjarðabyggð, að undanskildum upplýsingum um starfsmannafjölda, skatta starfsmanna og útsvari, sem fengnar eru á annan hátt. Tölur í Fjarðabyggðar dálknum eru allar frá árinu 2015.

Starfsmannafjöldi í dálknum Fjarðabyggð er atvinnuþátttaka í sveitarfélaginu og útsvar er heildarútsvarstekjur sveitarfélagsins. Skattar starfsmanna fyrirtækja með skráð lögheimili í Fjarðabyggð voru reiknaðir út frá launagreiðslum með meðalprósentu skattþrepanna, sem var deilt með fjölda launþega þessa fyrirtækja

7 Umræða

Þó ekki sé hér um að ræða stórt úttak eða ítarlega greiningu, sýna niðurstöðurnar samt greinilega að sjávarútvegur gegnir veigamiklu hlutverki í Neskaupstað og skiptir staðinn miklu máli, sér í lagi hvað varðar atvinnu. Fyrirtækin þrjú veita rúmlega 230 manns vinnu í um 1.500 manna bæjarfélagi, sem gerir tæplega 16% af íbúum í staðarins. Hlutfallið væri enn hærra ef tekið væri mið af fólki á atvinnumarkaði.

Við þetta er einnig að bæta að áhrifin á atvinnulífið í Neskaupstað eru meiri en hér kemur fram, því óbeinu áhrifin koma fram hjá fleiri fyrirtækjum, eins og í verslun og þjónustu ýmiss konar. Rannsóknin gefur því ákveðna mynd af umsvifum sjávarútvegs í Neskaupstað, sem ætla má að séu samt meiri en tölur gefa til kynna. Samanburðurinn sýnir greinilega að framlag sjávarútvegs til atvinnulífs og samfélags í Neskaupstað er mikið.

Best hefði verið að bera saman hagstærðir hjá þessum þremur fyrirtækjum, við önnur fyrirtæki í Neskaupstað, en þar sem það var ekki mögulegt, voru notaðar samanburðartölur frá öllu sveitarfélaginu Fjarðabyggð. Þó svo að Síldarvinnslan sé stærst, eru þessi þrjú fyrirtæki með 10-11% af útsvarstekjum allrar Fjarðabyggðar, sem sýnir einnig mikilvægi greinarinnar í öllu sveitarfélaginu. Áhugavert væri að gera svipaða greiningu á öllum sjávarútvegs og þjónustufyrirtækjum við sjávarútveg í Fjarðabyggð, til að sýna fram á mikilvægi sjávarútvegs í öllu sveitarfélaginu.

Fyrirtækin þrjú eru ólík á margan hátt, eins og niðurstöðurnar sýna glögglega. Síldarvinnslan er sjávarútvegsfyrirtæki sem rekur útgerð og fiskvinnslu sem skapa jafnan mikil verðmæti og laun eru hærri en í flestum atvinnugreinum. Þjónustufyrirtækin Fjarðanet og G. Skúlason, sem bæði byggja þjónustu sína að stærstum hluta á þjónustu við sjávarútveg, eru einnig ólík á þann þátt að G. Skúlason er með alla sína starfsemi í Neskaupstað, meðan að starfsemi Fjarðanets í Neskaupstað er hluti af stærri heild.

Þó fyrirtækin séu ólík, sýna niðurstöðurnar samt að þau greiða hærri laun og starfsmenn greiða þannig herra útsvar til sveitarfélagsins, samanborið við meðaltalið í Fjarðabyggð. Það er jákvætt því, á það er einnig hægt að líta, að á öðrum stöðum í sveitarfélaginu eru einnig sjávarútvegsfyrirtæki eins og Síldarvinnslan, þó svo að þau séu ekki jafnstór.

Í öllum rannsóknum þarf að gera einhverja fyrirvara, því sjaldan er hægt að nálgast gögn og upplýsingar á þann hátt sem æskilegast væri. En það er samt mitt mat að þessi atriði skekki heildarmyndina ekki mikið. Ég nefni hér tvennt. Annars vegar að ekki fengust upplýsingar frá G. Skúlason vegna ársins 2016 eins og hjá hinum fyrirtækjunum og því voru í tilfelli G. Skúlasonar notaðar hagstærðir fyrir árið 2015. Hins vegar að samanburðartölurnar úr öllu sveitarfélaginu eru frá árinu 2015.

Niðurstöðurnar sýna að Síldarvinnslan sinnir samfélagslegu hlutverki hlutverki vel, því heildar styrkgreiðslur Síldarvinnslunnar til samfélagsins í Neskaupstað eru rúmar 32 milljónir. Er þetta mikilvægt fyrir íþrótt og menningarlíf á staðnum, sem nýtur góðs af.

Niðurstöðurnar sýna mikilvægi sjávarútvegs í Neskaupstað og allri Fjarðabyggð, því heildar útsvarsgreiðslur starfsmanna þessara þriggja fyrirtækja er yfir 270 milljónir. Ef horft er til þess að á öðrum stöðum í Fjarðabyggð eru einnig sjávarútvegsfyrirtæki, sést greinilega hvað sjávarútvegur er mikilvægur í sveitarfélaginu Fjarðabyggð.

Heimildaskrá

- Almenni lífeyrissjóðurinn (2015). „Skattþrep og skattleysismörk 2016.“
<https://www.almenni.is/skattthrep-og-skattleysismork-2016/>. Skoðað (26. apríl 2017).
- Aron Óttar Traustason (2010). *Íslenskur sjávarútvegur* (BS ritgerð í viðskiptafræði). Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Ágúst Einarsson (2016). „Sjávarútvegur mikilvægasta greinin.“
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/08/23/sjavarutvegur_mikilvaegasta_greinin/. Skoðað (14. mars).
- Fjarðabyggð (ártal ekki gefið). „Vinnumarkaður.“
<http://www.fjardabyggd.is/fjardabyggd/atvinnulif/hagtolur-fjardabyggdar/vinnumarkadur/>. Skoðað (23. apríl 2017).
- Fjarðabyggð (2016). *Fjarðabyggð. Ársreikningur 2015*. Opinber skýrsla.
- Fjarðanet (2017). „Fyrirtækið.“ <http://fjardanet.is/fyrirtaekid/>. Skoðað (28. mars 2017). → A
- Fjarðanet (2017). „Veiðafærþjónusta.“ <http://fjardanet.is/fyrirtaekid/starfsstodneskaupstadur/>. Skoðað (28. mars). → B
- Gísli Már Gíslason (2017). *Hagtölur Fjarðabyggðar*. Óbirt samantekt Hagstofu.
- G. Skúlason vélaverkstæði (2008). „Um okkur.“ <http://gskulason.com/>. Skoðað (4. apríl 2017).
- Gunnar Þór Bjarnason og Margrét Gunnarsdóttir (2001). *Íslands- og mannkynssaga NB II. Frá lokum 18. aldar til aldamóta 2000*. Reykjavík: Nýja bókafélagið.
- Hagstofan (2016). „Atvinnutekjur hæstar í Fjarðabyggð.“
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/tekjur-efrir-sveitarfelogum-1990-2015/>. Skoðað (24. apríl 2017).
- Íslandsbanki (2016). „Skýrsla um íslenskan sjávarútveg.“
<https://www.islandsbanki.is/fyrirtaeki/serthekking/sjavarutvegur/islenskur-sjavarutvegur-2016/>. Skoðað (13. mars).

Jón Einar Marteinsson og Smári Geirsson (áttal ekki gefið). *Saga*. Óbirt rit af samantekt um sögu Fjarðanets. Rit í vörslu Jóns Einars Marteinssonar.

Samband íslenskra sveitarfélaga (2017). „Útsvar.“ <http://www.samband.is/verkefning/fjarmal-sveitarfelaga/tekjustofnar-sveitarfelaga/utsvar/>. Skoðað (24. apríl 2017).

SFS (2015). „Hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu.“ <http://www.sfs.is/vitinn/hagtolar-sjavarutvegsins>. Skoðað (14. mars 2017).

Síldarvinnslan (áttal ekki gefið). „Skipin.“ http://svn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=23&Itemid=36. Skoðað (3. apríl 2017). → A

Síldarvinnslan (áttal ekki gefið). „Starfsemin.“ http://svn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=2&Itemid=18. Skoðað (3. apríl 2017). → B

Sjávarklasinn (2012). „Sjávarútvegur og tengd matvælavinnsla.“ <http://www.sjavarklasinn.is/sjavarutvegur-og-tengd-matvaelavinnsla/>. Skoðað (13. mars 2017).

Smári Geirsson (áttal ekki gefið). „Sagan.“ http://svn.is/index.php?option=com_content&view=article&id=9&Itemid=27. Skoðað (3. apríl 2017).

Þórunn Klemenzdóttir (2008). *Þjóðhagfræði*. Reykjavík: Mál og menning.